

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Nónhæð. Nónsmári 1-7 og 9-15. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 8. desember 2020 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðirnar Nónsmára 1-7 og 9-15 á kalli Nónhæðar. Í tillögunni er gert ráð fyrir að byggingarreitur fyrirhugaðs fjölbýlishúss á lóð B, Nónsmára 9-15 verði sameinaður í einn samfelldan byggingarreit, lögun hans breytist en stærð hans í fermetrum er óbreytt. Afmörkun byggingarreits fyrir bílageymslu neðanjarðar á lóðinni breytist. Á lóð C, Nónsmára 1-7, færast byggingarreitur til norðurs, lögun hans breytist en stærð hans í fermetrum er óbreytt. Afmörkun byggingarreits fyrir bílageymslu neðanjarðar á lóðinni breytist. Að öðru leyti er tillagan í samræmi við gildandi deiliskipulag samþykkt í bæjarstjórn 28. apríl 2020 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 29. maí 2020 með auglýsingu nr. 529/2020.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 9. desember 2020.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 11. desember 2020